

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 56 98. ár

Föstudaginn 10. júní 2005

Stefnur

Aðilar málsins eru:
Stefnandi: Alþjóða bifreiðatryggingar á Íslandi, kt. 681071-0249, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík
Stefndi/-u: Ragnar Guðmundsson, kt. 140144-3129, óstaðsettur í hús.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Lilja Jónasdóttir hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 139.007 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 139.007 frá 8. apríl 2004 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi sér um að gera upp tjón, sem óvátryggð ökutæki valda. Málavextir eru þeir að þann 17. desember 2003 olli stefndi Ragnar Guðmundsson tjóni er hann bakkaði óvátryggðu bifreiðinni SJ-179 á bifreiðina SO-114 kyrrstæða á bílaplani Hagkaups, Skeifunni. Bifreiðin SJ-179 var óvátryggð er tjónið varð og eigandi hennar og ökumaður var Ragnar Guðmundsson. Ökumaður hinnar óvátryggðu bifreiðar ber fulla sök. Á grundvelli 3. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 392/2003 greiddi stefnandi, eiganda SO-114 bætur fyrir það tjón sem hann varð fyrir og nam sú fjárhæð stefnu fjárhæð í máli þessu. Samkvæmt 7. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 392/2003 á stefnandi endurkröfurétt á þá, sem bera skaðabótaábyrgð á tjóni af völdum óvátryggðs ökutækis, þ.m.t. eiganda (umráðamann) og ökumann. Af þessum sökum beinir stefnandi kröfum sínum að þeim aðilum í máli þessu. Krafa stefnanda byggist á meðfylgjandi reikningum sem eru að samtölu kr. 139.007 og er það stefnu fjárhæð máls þessa. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Skv. þjóðskrá er stefndi óstaðsettur í hús. Ber stefnanda því nauðsyn til að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglu kröfuréttarins um efnidir fjárskuldbindinga. Vísað er til almennra reglna skaðabótaréttar, einkum almennu skaðabótareglunar og almennra reglna kröfuréttarins. Þá er vísað til umferðarlaga nr. 50/1987 einkum 88. gr., 90 gr. og 93 gr. Varðandi aðild stefnanda að máli þessu vísast til 16. og 18. gr. reglugerðar nr. 392/2003. Kröfur um dráttarvexti, styður stefnandi við reglur um 1. mgr. 6. gr. í III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Varðandi málskostnaðar kröfuna vísast til 1. mgr. 130 gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1998. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm

Auglýsing

um tillögu að deiliskipulagi Hóla og Lauta í Þingeyjarsveit

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar auglýsir til kynningar skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga tillögu að deiliskipulagi í landi Hóla og Lauta í Reykjadal, Þingeyjarsveit. Svæðið afmarkast í norðri af landamerkjum við Breiðumýri, í austri af Reykjadalssá, í suðri af landi bújarðarinnar Hóla og landamerkjum við Kárhól og í vestri af Mýraröxl. Það nær yfir alla núverandi byggð við Kjarna ásamt fyrirhuguðu byggingarlandi sunnan við byggðina, vestan og austan þjóðveg nr. 1. Skipulagssvæðið er 134,5 ha að flatarmáli. Skipulagssvæðið inniheldur það land sem fjallað var um í deiliskipulagi sem samþykkt var 8. maí 2003. Það skipulag fellur úr gildi við gildistöku þessa skipulags. Auk þegar byggðra lóða er í skipulagstillögunni gert ráð fyrir tíu lóðum undir einbýlishús/lítil fjöleignahús, sex fyrir raðhús, tveimur undir frístundabýli, einni fyrir veiðihús, sex undir atvinnustarfsemi og þrettán lóðum undir frístundahús.

Tillagan verður til sýnis á sveitarstjórnarskrifstofu Þingeyjarsveitar að Kjarna á Laugum frá og með 10. júní nk. til og með 15. júlí. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 22. júlí. Skila skal athugasemdum á skrifstofu sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar.

4. júní 2005.

Gaukur Hjartarson,
skipulagsfulltrúi.

4246)

Auglýsing

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Ármúli 8.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Ármúla 8.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að eldra hús verður rífið og byggt nýtt, viðbygging að Ármúla og ný úthlið tekur mið af götulínu og snýr glervegg og inngangi að Hallarmúla og byggð verður ein hæð ofan á einnar hæðar bakhús.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8.20 – 16.15, frá 10. júní til og með 22. júlí 2005. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 22. júlí 2005.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 3. júní 2005.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

4254)

Auglýsing

um deiliskipulag í Innri-Akraneshreppi, Borgarfjarðarsýslu

Samkvæmt ákvæðum 25 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með lýst eftir athugasemdum við tillögu að deiliskipulagi á 6,8 hektara lands í landi Kross Innri-Akraneshreppi.

Lýst er eftir athugasemdum við tillögu að deiliskipulagi fyrir 124 íbúðir á 24 lóðum fyrir einbýlishús og 7 lóðum fyrir sambýlishús.

Tillagan ásamt byggingar og skipulagsskilmálum liggur frammi á skrifstofu oddvita Miðgarði frá 10. júní til 8. júlí 2005 á venjulegum skrifstofutíma.

Athugasemdum skal skila á skrifstofu oddvita Miðgarði fyrir 22. júlí 2005 og skulu þær vera skriflegar.

Þeir sem ekki gera athugasemd innan tilgreinds frests teljast samþykkir tillögunni.

Skipulags og byggingarfulltrúi.

4241)

fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalið/-n skjal/skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Reikningur nr. 9286857
2. Tjónstilkynning, dags. 17. desember 2003.
3. Bréf Alþj. bifr. trygginga til stefnda, dags. 26. janúar 2004.
4. Tilkynning frá Tryggingamiðstöðinni til stefnda um niðurfellingu ábyrgðartryggingar, dags. 15. september 2003.
5. Tilkynning stefnanda til stefnda, dags. 8. mars 2004.
6. Reikningur Bílaleigu Flugleiða Hertz, dags. 17. febrúar 2004.
7. Afrit innheimtubréfs, dags. 28. janúar 2005.
8. Staðfesting þjóðskrár.
9. Lögbirtingablað þar sem stefna þessi birtist.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður að/í dómsal 102, dómhúsinu við Lækjartorg, þann 8. september 2005, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrir-töku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 26. maí 2005.
F.h. stefnanda,
Lilja Jónasdóttir hrl.

(4152

Dómstjóri héraðsdóms Norðurlands vestra, Halldór Halldórsson

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Karl Óttar Pétursson, hdl., að hann þurfi fyrir hönd Kaupþing banka hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra til viðurkenningar á eignarrétti á veðskuldabréfi tryggðu með veði í fasteigninni Efstabraut 2, Blönduósi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær kröfur að með dómi verði viðurkenndur eignarréttur stefnanda að veðskuldabréfi nr. 307-74-7789, útgefnu af Jóhanni Evensen, kt. 241057-7049, Blöndubýggð 4, Blönduósi, til Búnaðarbanka Íslands hf., kt. 490169-1219, nú Kaupþing banki hf. kt. 560882-0419, Borgartúni 19, Reykjavík, þann 4. janúar 1995, að fjárhæð kr. 2.000.000. Veðskuldabréfið var verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 3385 og 8,75% vöxtum. Bréfið bar að greiða með 60 afborgunum á mánaðarfresti, fyrsti gjalddagi var 10. júlí 1995. Veðskuldabréfið var tryggt með 1. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni Efstabraut 2, Blönduósi. Þann 13. júlí var gerð breyting á skilmálum bréfsins þess efnis að vextir voru lækkaðir í 7,85% og bar að greiða eftirstöðvar með 70 afborgunum með mánaðar millibili. Að öðru leyti munu skilmálar bréfsins hafa haldist óbreyttir.

Fyrirsvar: Karl Óttar Pétursson hdl., rekur mál þetta fyrir Kaupþing banka hf.

Málavextir og málsástæður. Stefnandi kveður ofangreint veðskuldabréf vera útgefið af Jóhanni Evensen, kt. 241057-7049, Blöndubýggð 4, Blönduósi, til Búnaðarbanka Íslands hf., kt. 490169-1219, nú Kaupþing banki hf. kt. 560882-0419, Borgartúni 19, Reykjavík, þann 4.

janúar 1995, að fjárhæð kr. 2.000.000. Veðskuldabréfið var verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 3385 og 8,75% vöxtum. Bréfið bar að greiða með 60 afborgunum á mánaðarfresti, fyrsti gjalddagi var 10. júlí 1995. Veðskuldabréfið var tryggt með 1. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni Efstabraut 2, Blönduósi. Þann 13. júlí var gerð breyting á skilmálum bréfsins þess efnis að vextir voru lækkaðir í 7,85% og bar að greiða eftirstöðvar með 70 afborgunum með mánaðar millibili. Að öðru leyti munu skilmálar bréfsins hafa haldist óbreyttir. Þegar átt hafi að innheimta veðskuldabréfið hafi það ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit. Þar sem ekki sé mögulegt að neyta þeirra réttinda sem bréfið beri með sér sé stefnanda nauðsynlegt að fá eignardóm þar sem eignarréttur hans yfir bréfinu er staðfestur og honum þannig gert mögulegt að neyta þeirra réttinda sem hann kveðst eiga tilkall til samkvæmt veðskuldabréfinu.

Lagarök: Um lagarök kveðst stefnandi vísa til 122. gr., sbr. 2. mgr. 120. gr. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um stefnufrest kveðst stefnandi vísa til 3. mgr. 91. gr. laganna.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin skjöl:

1. Stefna þessi.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Ljósrit veðskuldabréfs nr. 307-74-7789.
4. Veðbókarvottorð fasteignarinnar Efstabraut 2, Blönduósi fasteigna nr. 213-6766.
5. Eintak Lögbirtingablaðs með stefnubirtingunni.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa með höndum framangreint veðskuldabréf í fórum sínum, eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþing héraðsdóms Norðurlands vestra, á dómþingi sem haldið verður á skrifstofu sýslumanns, Hnjúkabyggð 33, Blönduósi þann 7. september 2005 klukkan 14:00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð fram í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfanna og mótmæla framangreindum kröfum. Að öðrum kosti má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um eignardóm verði teknar til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 19. maí 2005.
Halldór Halldórsson,
dómstjóri.

(3840

Dómstjóri héraðsdóms Suðurlands, Hjördís Hákonardóttir.

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Kristján S. Sigurgeirsson hdl., Borgartúni 21, Reykjavík, að hann þurfi f.h. Íbúðalánasjóðs, kt. 661198-3629, Borgartúni 21, Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Suðurlands til ógildingar á veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur, að ógilt verði með dómi veðskuldabréf að upphaflegri fjárhæð kr. 600.000 gefið út af Ingvaldi Einarssyni, kt. 071022-3589 og Helgu Símonardóttur, kt. 040725-2969 til Byggingarsjóðs ríkisins, kt. 460169-2409.

Fyrirsvar: Kristján S. Sigurgeirsson hdl., Borgartúni 21, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Málsatvik og málsástæður: Veðskuldabréf það, sem krafist er ógildingar á, var upphaflega

að fjárhæð kr. 600.000 gefið út hinn 18. apríl 1990 af Ingvaldi Einarssyni og Helgu Símonardóttur til Byggingarsjóðs ríkisins. Veðskuldabréfið er nr. 195491 og hvílir á 1. veðrétti fasteignarinnar Kirkjuvegur 24, 0101, fmr 218-6520 Selfossi. Veðskuldabréfið var móttekið til þinglýsingar hjá sýslumanninum á Selfossi hinn 30. apríl 1990 og innfært hinn 5. júní 1990. Lán skv. veðskuldabréfinu er jafngreiðslulán, sem á að endurgreiðast á 40 árum með 4 gjalddögum á ári, 1. febrúar, maí, ágúst og nóvember. Fyrsti gjalddagi vaxta og verðbóta var 1. ágúst 1990. Fyrsti gjalddagi fullrar greiðslu 1. maí 1992. Fyrsti vaxtadagur var 18. apríl 1990. Bréfið er verðtryggt með grunnvísitölu 2859 og launavísitölu til greiðslujöfnunar við útgáfu skuldabréfs 2510. Skuldin ber breytilega vextir 3,5%. Bréfið var upphaflega á 9. veðrétti en hvílir í dag á 1.veðrétti.

Þann 8. febrúar 1992 fengu Ingvar G. Brynjólfsson, kt. 171266-3809 og Guðrún H. Jónsdóttir, kt. 190258-2389 heimild til yfirtöku umrædds veðskuldabréfs og eru þau nú skráðir skuldarar.

Hinn 1. janúar 1999 tóku gildi lög um hús-næðismál, nr. 44/1998, en við það tók Íbúðalánasjóður við réttindum og skyldum Hús-næðisstofnunar ríkisins, sbr. 6. mgr. 52. gr. laganna, og er sjóðurinn af þeim sökum stefnandi í málinu.

Stefnandi kveður hið umstefnda veðskuldabréf glatað og finnist það ekki, þrátt fyrir ítrekaða leit. Honum sé því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á bréfinu, svo hann geti neytt réttar, skv. því.

Lagarök: Stefnandi vísar til ákvæða 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Frumrit stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað það, sem stefna þessi birtist í.
4. Ljósrit af veðskuldabréfi því, sem stefnt er út af.
5. Veðbókarvottorð (þinglýsingarvottorð).

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum, og telur sig eiga rétt til þess, að mæta á dómþingi héraðsdóms Suðurlands, sem háð verður á skrifstofu héraðsdómsins, Austurvegi 4, Selfossi miðvikudag 7. september 2005, kl. 14.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til skuldabréfsins, þar sem ella má búast við því að ógild-ingardómur gangi í málinu í samræmi við kröfur stefnanda.

Stefnufrestur er ákveðinn 1 mánuður.

Selfoss, 10. maí 2005.
Hjördís Hákonardóttir.

(3808

Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

gerir kunnugt: að Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Jarðefnasöluinni ehf., kt. 430303-2870, Barónstíg 5, 101 Reykjavík, fyrirsvarsmáður Lárus Stefán Jóhannesson, kt. 211266-4659, Laugarnesvegi 44, 105 Reykjavík og Steinar Sigurgeirsson, kt. 211266-4819, óstaðsettum í hús.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Karl Óttar Pétursson hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 114.764, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af kr. 114.764 frá 16. desember 2004 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á tékkareikningi og ábyrgðaryfirlýsingu vegna tékkareiknings.

Þann 17. apríl 2003 samþykkti stefnandi umsókn stefnda Jarðefnasalan ehf. um stofnun tékkareiknings í útibúi stefnanda í Vesturbæ sbr. dskj. nr. 3. Tékkareikningurinn bar númerið 0306-26-003773. Hinn 27. apríl 2005 stóð vanskilaskuldin í kr. 114.764, sbr. reikningaskrá, dskj. nr. 4.

Þann 24. nóvember 2003 undirritaði stefndi, Steinar Sigurgeirsson, yfirlýsingu um sjálf-skuldarábyrgð v/yfirdráttarheimildar á framangreindum reikningi að fjárhæð kr. 200.000, sbr. dskj. 2.

Tékkareikningurinn lenti í vanskilum og stefndu var tilkynnt um vanskilin með bréfum, dags. 28. apríl 2005 sbr. dskj. nr. 5.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu þar sem stefndi, Steinar Sigurgeirsson, er óstaðsettur í hús og óvíst er um dvalarstað hans sbr. dskj. 7.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglna samningaréttarins um skuldbindingargildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu sbr. a-lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Ábyrgðaryfirlýsing.
3. Umsókn um tékkareikning
4. Reikningaskrá
5. Innheimtubréf
6. Lögbirtingablað með stefnubirtingu
7. Staðfesting frá Hagstofu.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður að/í dómsal 102 í dómhúsi héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 8. september 2005, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 31. maí 2005.
F. h. stefnanda,
Karl Óttar Pétursson, hdl.

(4232)

Dómstjórinn á Suðurlandi, Hjördís Hákonardóttir

gerir kunnugt: Mér hafa tjáð Björgvin E. Björgvinsson, kt. 200261-3999, og Helga Sighvatsdóttir, kt. 200862-4739, Suðurengi 11, Selfossi, að þau þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Suðurlands til ógildingar á veðskuldabréfi.

Málflutningsumboð: Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl., Málflutningsskrifstofunni, Austurvegi 6, Selfossi flytur málið fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf að fjárhæð kr. 1.300.000, útgefið á Selfossi þann 19. desember 1995 af stefnendum handhafa. Skuldabréfið er tryggt með 3. veðrétti í fasteigninni Suðurengi 11, fastnr. 218-7348, Selfossi,

Málavextir og málsástæður: Veðskuldabréf það sem mál þetta snýst um kveða stefnendur vera gefið út á Selfossi þann 19. desember 1995 af stefnendum til handhafa. Skuldabréfið mun upphaflega hafa verið tryggt með 4. veðrétti í fasteigninni Suðurengi 11, fastnr. 218-7348, Selfossi, næst á eftir fasteignaveðbréfi frá Húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar upphaflega að fjárhæð kr. 3.578.464 á 3. veðrétti, veðskuldabréfi frá Lífeyrissjóði verkalýðsfélaga á Suðurlandi, upphaflega kr. 25.000 á 2. veðrétti, og þremur veðskuldabréfum frá Veðdeild Landsbanka Íslands hvert upphaflega að fjárhæð kr. 18.000 á 1. veðrétti. Stefnendur kveða umrætt veðskuldabréf vera uppgreitt en frumrit þess glatað og finnist ekki þrátt fyrir mikla eftirgrennslan og sakir þess hafi ekki reynst unnt að aflétta veðböndum af fasteigninni eins og til stendur af þeirra hálfu. Stefnendum sé því nauðsynlegt að fá ógildingardóm fyrir bréfinu, til þess að þeir geti aflétt veðböndunum eins og þau eigi nú rétt til.

Lagarök: Stefnandi kveður mál þetta höfðað með heimild í XVIII. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins verði lögð fram eftirtalin gögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Beiðni um útgáfu ógildingarstefnu.
4. Eintak af Lögbirtingablaðinu, sem stefna þessi verður birt í.
5. Afrit veðtryggingarbréfs, útgefið 19. desember 1995.
6. Veðbókavottorð vegna Suðurengis 11, Selfossi.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kynni að hafa framangreint veðskuldabréf eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Suðurlands, sem háð verður að Austurvegi 4, Selfossi, miðvikudaginn 7. september 2005, kl. 14.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til skuldabréfsins, þar sem ella má búast við því að það verði ógilt með dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Selfossi, 17. maí 2005.
Hjördís Hákonardóttir.

(4200)

Kristinn Halldórsson, settur dómstjóri við héraðsdóm Vesturlands,

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Jón Haukur

Hauksson hdl., Kirkjubraut 40, Akranesi, fyrir hönd Jónu Guðrúnar Jónsdóttur, kt. 150953-3329, Hólatjörn 6, Selfossi, Jóns Ólafs Jónssonar, kt. 240954-3629, Ránargötu 1a, Reykjavík og Erlu Ólafsdóttur, kt. 230858-5359, Egilsbraut 20, Þorlákshöfn, að þau þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Vesturlands til ógildingar á veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnendur kveðjast gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf að nafnverði 1.950.000 kr. útgefið af Þórði Jóhannssyni til Lífeyrissjóðs sjómanna hinn 26. nóvember 2001, tryggt með veði í húseigninni nr. 19 við Skarðsbraut á Akranesi, íb. 020202, fnr. 210-0646.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnendur greina svo frá að Þórður Jóhannsson, dóttursonur Ólafs Jónssonar, þáverandi eiganda Skarðsbrautar 19, íbúðar 020202, Akranesi, hafi fengið lánað veð hjá afa sínum vegna láns sem hann fékk hjá Lífeyrissjóði sjómanna. Bréfið hafi verið útgefið 26. nóvember 2001, nafnverð þess hafi verið 1.950.000 kr., það skyldi endurgreiðast með 150 afborgunum á 25 árum, í fyrsta sinn 5. febrúar 2002. Bréfið skyldi bera vexti skv. ákvörðun sjóðsstjórnar á hverjum tíma.

Stefnendur segja eiganda íbúðarinnar, Ólaf Jónsson, hafa látist 1. september 2004 og umrætt lán hafi þá verið uppgreitt til að aflétta því af eigninni, enda hafi kaupandi hennar ekki ætlað sér að yfirtaka lánið, né heldur hafi skuldarinn, Þórður Jóhannsson getað flutt það yfir á annað veð. Vegna þessarar uppgreiðslu hafi erfingjar öðlast endurkröfu á Þórð Jóhannsson.

Stefnendur kveðjast halda því fram að skuldin samkvæmt hinu umstefnda skuldabréfi sé að fullu greidd og bæði vanskil og eftirstöðvar bréfsins hafi verið greidd af kaupanda eignarinnar, sem hluti af umsömdu kaupverði eignarinnar. Um þetta hyggjast stefnendur leggja fram gögn frá Landsbanka Íslands hf. Hið umstefnda veðskuldabréf var til innheimtu hjá Landsbanka Íslands hf. en frumrit bréfsins hafi glatast og ekki fundist. Stefnendur kveðjast vilja höfða mál til þess að fá skuldabréfið ógilt með dómi til þess að byggja megi rétt á bréfinu um endurkröfu erfingjanna.

Lagarök: Stefnendur kveðjast munu vísa til 120. og 121. gr. einkamálalaga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðjast stefnendur munu leggja fram, auk stefnu og skrá um framlögð skjöl, eintak Lögbirtingablaðs sem stefnan birtist í, staðfest ljósrit skuldabréfs, einkaskiptagerð, erfðafjárskýrslu, skiptayfirlýsingar, útprentanir frá Landsbanka Íslands hf. og kaupsamning og afsal fyrir Skarðsbraut 19, Akranesi.

Fyrirkall og áskorun: Fyrir því stefnist hverjum þeim sem kann að hafa framangreint skuldabréf undir höndum, eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Vesturlands, sem háð verður í skrifstofu dómsins að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, þriðjudaginn 6. september 2005, kl. 14:00 síðdegis, þar sem mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til bréfsins, en ella má búast við að bréfið verði ógilt með dómi í samræmi við kröfur stefnenda.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Borgarnesi, 24. maí 2005.
Kristinn Halldórsson.

(4171)

Björgun ehf. kt. 460169-7399, Sævarhöfða 33, Reykjavík

gjörir kunnugt: að fyrirtækið þurfi að höfða

mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Stefáni Einarssyni, kt. 140148-8149, með lögheimili að Reyðará, 580 Siglufirði, en með óþekktan dvalarstað.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skuld að fjárhæð kr. 1.462.314 með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af kr. 735.106 frá 20. október 2001 til 20. janúar 2002 og af kr. 1.462.314 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist að dæmt verði að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól hvors reiknings, á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 20. október 2002 en síðan árlega þann dag. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Fyrirsvar: Undirritaður lögmaður, Lárus L. Blöndal hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Skuld þessi er samkvæmt tveimur reikningum, þ.e. reikningi dags. 30. september 2001, að fjárhæð kr. 1.033.212 (að eftirstöðvum kr. 735.106) og reikningi dags. 31. desember 2001, að fjárhæð kr. 727.208 og eru reikningarnir tilkomnir vegna kaupa stefnda á fyllingarefni og dælingu á því í viðlegukant við höfnina á Siglufirði í september og nóvember mánuði 2001. Skuld þessi hefur ekki greiðst þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því málsókn þessi nauðsynleg. Af hálfu stefnda hefur kröfu stefnanda verið mótmælt en stefnandi telur að röksemdir hans eigi ekki við rök að styðjast.

Stefndi er með skráð lögheimili að Reyðará, Siglufirði. Ítrekað hefur verið reynt að birta stefnu vegna máls þessa fyrir stefnda á lögheimili hans, en án árangurs. Samkvæmt vottorði stefnuvotts þann 24. maí 2005, er húsið að Reyðará, Siglufirði, tóm og enginn sem býr þar. Þar sem stefna vegna máls þessa verður ekki birt fyrir stefnda á lögheimili hans og ekki er vitað hvar hann er með dvalarstað, er nauðsynlegt að birta stefnuna í Lögbirtingablaði, sbr. a-lið, 1. mgr. 89. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála.

Tilvísun til helstu lagaákvæða: Stefnandi vísar til almennra reglna samninga og kröfuréttar máli sínu til stuðnings. Um gjalddaga vísast til 49. gr. laga nr. 50/2000. Um varnarþing vísast til 1. mgr. 36. gr. laga nr. 91/1991. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við lög nr. 38/2001. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

- 1-2. Tveir reikningar ásamt mæliblöðum
3. Lögbirtingablað það sem stefna þessi birtist í
4. Vottorð um árangurslausa birtingu þann 29. apríl 2005.
5. Vottorð um árangurslausa birtingu þann 24. maí 2005.
6. Innheimtubréf lögmanns stefnanda.

Af hálfu stefnanda er áskilinn réttur til að leggja fram frekari gögn, máli hans til stuðnings og áskilinn réttur til að leiða aðila og vitni fyrir dóm, gefi varnir stefnda tilefni til þess.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Stefáni Einarssyni, kt. 140148-8149, með lögheimili að Reyðará, 580 Siglufirði, en með óþekktan dvalarstað, til þess að mæta á dómþingi héraðs-dóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 6. september 2005, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, svara til sakar og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfest-

ingu málsins má hann búast við því að útivistardómur gangi í málinu og stefnukröfur verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 26. maí 2005,
F. h. Lárusar L. Blöndal hrl.,
Indriði Þorkelsson hdl.

(4193

Innkallanir

Neðangreindir eigendur hlutabréfa í Íslandstryggingu hf., kt. 441099-3399 hafa farið þess á leit við stjórn félagsins að eftirtalin hlutabréf verði ógilt þar sem þau hafi glatast og ný hlutabréf verði gefin út í staðinn.

Nafn:	Nr. hlutabréfs:	Nafnverð hlutabréfs kr.:
Fasteignafélag Garðabæjar ehf., kt. 650803-2560	A-00106	217.165
Guðni Bergsson, kt. 210765-3289	A-00079	2.605.976
Sigurbjörn Daði Dagbjartsson, kt. 081275-4409	A-00050	500.000

Með vísan til 8. gr. samþykktar Íslandstryggingar hf. og 8. mgr. 27. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 stefnist hér með handhöfum ofangreindra hlutabréfa til að gefa sig fram við stjórn félagsins innan þriggja mánaða frá birtingu áskorunar þessarar og lýsa rétti sínum yfir hlutabréfunum. Gefi engin sig fram áður en fresturinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur félaginu samkvæmt hlutabréfinu og gefin verða út ný hlutabréf til handa hinum skráðu eigendum.

Reykjavík, 2. júní 2005.
F. h. stjórnar Íslandstryggingar hf.,
Valdemar Johnsen hdl.

(4245 a

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 31. maí 2005, voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
ÍSL ehf. kt. 610497-2179, Lágmúla 5, Reykjavík	22. mars 2005	fimmtudaginn 25. ágúst 2005 kl. 9.30
Vesturbæjarveitingar ehf., kt. 540499-2339, Giljaseli 7, Reykjavík	29. mars 2005	fimmtudaginn 25. ágúst 2005 kl. 10.00
Langasyn ehf., kt. 490401-2370, Granaskjólí 78, Reykjavík	22. mars 2005	fimmtudaginn 25. ágúst 2005 kl. 10.30
Kjalverk ehf., kt. 420502-7610, Esjugrund 48, Reykjavík	22. mars 2005	fimmtudaginn 25. ágúst 2005 kl. 11.00
Fossafélagið Vatnsfall ehf., 6. apríl 2005 kt. 550900-2890, Dvergabakka 26, Reykjavík	6. apríl 2005	fimmtudaginn 25. ágúst 2005 kl. 11.30

(4251 a

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkall-

ana þessara. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í pósthólf 1623, 121 Reykjavík.

Skiptafundur verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra, Hafnarstræti 18, Reykjavík á ofangreindum tímum. Verður þá fjallað um skrá yfir lýstar kröfur í búin, gerð grein fyrir hag þeirra og teknar ákvarðanir um málefni þeirra.

Reykjavík, 2. júní 2005.
Páll Skúlason hdl.

Stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hefur ákveðið að stofnfjárbréf í sparisjóðnum verði tekin til rafrænnar skráningar í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Rafræn skráning tekur gildi mánudaginn 3. október 2005 kl. 9.00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu stofnfjárbréf í sparisjóðnum í samræmi við heimild í ákvæði til bráðabirgða nr. II í lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2000 um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum og reglugerð nr. 397/2000 um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamíðstöð.

Stofnfjárlhuti í SPRON eru 43.440 en þar af hafa 14.480 verið gefnir út í pappírsformi. Nafnverð hvers stofnfjárlhutar er kr. 25.000 og allir hlutir eru í sama flokki. Stofnfjárbréf útgefin í pappírsformi, 14.480 talsins ógildast, er rafræn skráning tekur gildi skv. framansögðu, en óútgefnir hlutir alls 28.960, sem stofnað var til með útboði sem stóð 9.–23. maí 2005 verða frumútgefnir rafrænt á sama tíma.

Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra stofnfjárlhuta í SPRON, sem telja einhvern vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá SPRON að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til Jóhannesar Helgasonar, ftr. framkvæmdastjórnar SPRON á skrifstofu hans Ármúla 13a í Reykjavík, eða á netfangið johannes@spron.is Komi í ljós að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart sparisjóðnum innan þriggja mánaða frá 2. birtingu innköllunar þessarar í Lögbirtingablaðinu.

Ennfremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra stofnfjárlhuta, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri innan sömu tímamarka við ofangreindan fulltrúa framkvæmdastjórnar í höfuðstöðvum sparisjóðsins að Ármúla 13a í Reykjavík eða á netfangið.

Við rafræna útgáfu stofnfjárbréfa verður nafnverð þeirra skráð með sama hætti og áður þ.e. hver hlutur er kr. 25.000 að nafnverði.

Reykjavík, 30. maí 2005.
F. h. Sparisjóðsstjórnar,
Guðmundur Hauksson,
sparisjóðsstjóri.

(4244 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 25. maí 2005, voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Undirritaður er skiptastjóri þrotabúanna.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús.:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Nýtt frost ehf., kt. 630893-2089, Dalseli 3, Reykjavík	4. ágúst 2004	fimmtudaginn 22. september 2005 kl. 10.00
Blómaskart ehf., kt. 550702-2310, Grýtubakka 22, Reykjavík	4. mars 2005	fimmtudaginn 22. september 2005 kl. 10.15

(4166 a

Magnús Hólmgeir Guðmundsson, kt. 011180-4189, Vesturbergi 8, Reykjavík	29. júní 2004	fimmtudaginn 22. september 2005 kl. 10.30
(4167 a		
